



HUGMYND AF LISTAVERKI AF ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐINU Í FÓTBOLTA FYRIR KSI



Hugmyndin er að skapa 11 gegnheilar viðar höggmyndir úr yfir 100 ára gömlum bryggjudrumbum frá Reykjavíkurhöfn af Íslenska karlalandsliðinu í fótbolta í fullri stærð og setja saman í eina heild. Reynt verður að líkja eftir öllum hetjunum okkar og hafa þá eins nákvæma eins og mögulegt er í stellingunni þegar að liðið tekur Víkingaklappið. Hér er sögu, menningu og íþróttum spinnnað saman í eitt form. Formaður og stjórn Knattspyrnusambands Íslands hefur líst yfir áhuga sínum á verkefninu og telur að listaverkið “Vikingaklappið” muni vekja mikla athygli fyrir sköpun þess og fanga vel heimsfrægt augnablik í íþróttasögu þjóðarinnar. Áætlað er að setja listaverkið upp í Laugardalnum og kann það að draga þar að fjölmarga ferðamenn og einnig íbúa borgarinnar. Knattspyrnusamband Íslands getur vel mögulega komið að fjármögnun á slíku verki með öðrum áhugasömum aðilum.

FRAMKVÆMD:

1. Fyrst eru teknar nákvæmar ljósmyndir af hverjum og einum í liðinu í heilan hring þar sem að hvert einasta smá atriði á viðkomandi landsliðsmanni gæti skilað sér. Stellingin væri þegar að liðið væri að taka vikingaklappið þar sem að það væri að horfa upp í stúku við góða stemningu áhorfenda. Hæðin og sverleikin yrði mældur á hverjum og einum til að fá sem raunverulegustu eftirmynd í höggmyndirnar. Þessar ljósmyndir yrðu notaðar við sköpun og gerð höggmyndanna.
2. Þurrkaðir drumbar úr Reykjavíkurhöfn verða hefllaðir og límdir saman í einn klump þar til að rúmleg líkamsstærð hjá hverjum og einum landsliðsmanni verður náð.
3. Sérhver klumpur verður sagaður niður með keðjusög og fjölsög. Gerð verður nákvæm eftirmynd af viðkomandi landsliðsmanni eftir ljósmyndunum.
4. Sérhver höggmynd / landsliðsmaður verður pússaður og sett verða hver smáatriði til að líkja sem mest eftir viðkomandi landsliðsmanni. Allur frágangur verður unnin í höndunum til að gefa lifandi áferð og einkennum og stíl listamannsins. Þær verða bornir olíu 5 sinnum til að ná góðri áferð. Höggmyndirnar verða skapaðir og smíðaðir á 8 -10 mánuðum í UAB / STUDIJA VILNIUS í Litháen með listakonu, listamanni og teymi.

Verkið verður eitt af listaverkum af sögu -og listasýningu sem fyrirhugað er að setja upp í Höfuðstöðvum Mennta-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna UNESCO í París, þann 5 júní á 45 afmæli Alþjóðlegs Dags Umhverfis 2019 á vegum Miðbaugs- minjaverkefnisins, (e. The Equator Memorial Project). Það er mikill heiður að fá að sýna í Höfuðstöðvum UNESCO. Bæði er það mjög fallett og virðingavert fyrir Ísland og eflaust gefur þetta góð tækifæri fyrir það listafólk sem er viðriðið sýninguna. Án efa gefur það jákvæða ímynd og kynningu fyrir landið í hinum ýmsu alþjóðlegu fjölmiðlum. Það eru 193 lönd aðilar að Sameinuðu þjóðunum, SP, (e. United Nations, UN).

Prentun á veggspjöldum um sögu Reykjavíkurhafnar og landsliðsins munu hanga við listaverkin á sýningunni. Bæklingur um sýninguna og ljósmyndabók með skýringatextum um öll listaverk og tilurð verkefnisins.

Forseti Íslands, Hr. Guðni Th. Jóhannesson skrifar meðmælabréf til framkvæmdastjóra Mennta-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna UNESCO, Fr. Audrey Azoulay vegna sýningarinnar.



MIÐBAUGS- MINJAVERKEFNIÐ

Þegar að sýningu væri lokið færu höggmyndirnar til Reykjavíkur þar sem að þeim verður raðað upp sem einu heildarverki fyrir utan aðal leikvanginn í Laugardal í samvinnu við knattspyrnusamband Íslands með sérstakri viðhöfn.

Við opnun væri landsliðinu gerð góð skil m.a. yrði lögð áhersla á Víkingaklappið með tilheyrandi sérsömdum drumbuslætti / tónlistarþemu jafnvel með leikmönnum úr liðinu.

Landsliðið færi inn í heimildamynd í fullri lengd sem að er verið að gera um verkefnið þar sem að kafli um vinnuferlið vegna sköpun höggmyndanna væri að finna.

Listamaður; Jóhann Sigmarsson / Aðstoð við listsköpun; Ksenija Zapadenceva og teymi.




Efri vinstri ljósmynd / Ksenija Zapadenceva sagar endurnýtta drumba límdu saman frá Reykjavíkurhöfn fyrir höggmynd. **Efri hægra ljósmynd** / Ksenija Zapadenceva límir myndir á spjöld af Hr. Aroni Einari Gunnarssyni landsliðsmanni fyrir undirbúning af höggmynd. **Neðri ljósmynd** / Höggmynd í vinnuferli af Hr. Ara Skúlassyni, landsliðsmanni. Höggmyndirnar eru skapaðar í UAB / Studija Vilnius, samstarfsaðila verkefnisins.



KOSTNAÐUR LISTAVERKANA AF ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐINU Í FÓTBOLTA;

Lýsing verkþátta;	Magn	Verð eining / ISK	Verð / ISK
Vinna við ljósmyndatöku á leikmönnum, prentanir og undirbúningur;	heildarpakki	200.000,-	200.000,-
Höggmyndir af leikmönnum í fullri stærð. Efniviður / drumbur úr Reykjavíkurhöfn eru innifaldir í verðinu;	11 höggmyndir	700.000,-	7.700.000,-
Flutningur með drumba og tæki í gáumum með skipi / samkvæmt tilboði;	hluti af flutningskostnaði	650.000,-	650.000,-
Aðkeypt vinna vegna Höggmynda;	heildarpakki	600.000,-	600.000,-
Annar efniskostnaður;	heildarpakki	400.000,-	400.000,-
Uppsetning;	heildarpakki	300.000,-	300.000,-
		Samtals;	9.850.000,-
Enginn VSK er þar sem að er um listgripi að ræða.	VSK	0,00%	0%
10% óvissukostnaður;		985.000,-	985.000,-
Alls fyrir 11 höggmyndir af íslenska karla landsliðinu í fótbolta sem að skapa eina heild við Laugardalsvöll;		Samtals alls / ISK	10.835.000,-



Vinstri ljósmynd / Höggmynd í vinnuferli af Hr. Ara Skúlássyni landsliðsmanni sem liggur á maganum á meðan er verið að höggva út og laga til á honum höndina. **Hægri ljósmynd** / Höggmynd í vinnuferli af andlitinu að verða til. Höggmyndirnar eru skapaðar úr endurnýttum drumbum frá Reykjavíkurhöfn. Í áratugi var höfnin lífæð borgar og vorrar þjóðar.